





Drög-1



BREYTING Á STAÐFESTU AÐALSKIPULAGI:

Frístundabyggð breytist í landbúnaðarsvæði.

1. Inngangur

Hér er um að ræða 80 ha svæði á jörðinni í Bjarnastaðir 1. Er það ósk landeigenda að svæðinu verði breytt úr frístundabyggð í landbúnað þannig að hægt sé að stofna þar lögbýli með heilsársbúsetu í huga. Aðkoma að svæðinu er frá Sólheimavegi, sem auðveldar sveitarfélaginu að veita íbúum lögbundna þjónustu.

2. Forsendur

Ástæður fyrir breytingunni eru m. a. þær, að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja setjast að á svæðinu og hafa möguleika á að stunda lítils háttar landbúnað s.s. skógrækt, hestamennsku og þess háttar.

3. Deiliskipulag

Fyrir hluta svæðisins liggur fyrir samþykkt deiliskipulag, samþykkt 2. febrúar 2005. Deiliskipulagið nær yfir um 30 ha og í því er gert ráð fyrir fimm lóðum, að stærðinni 4,5 - 8,4 ha. ætlaðar undir frístundabyggð. Ráðgert er að breyta deiliskipulaginu, þannig lóðunum verði breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði og að heimilt verði að sækja um lögbýli á lóðunum

4. Stefna í aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020

Aðalskipulagsbreyting þessi samræmist vel þeirri stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi sem er m. a. að skapa fjölbreytta búsetukosti í sveit og þéttbýli (kaflí: Markmið endurskoðunar, bls. 6 í greinargerð Aðalskipulags Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020).

5. Skipulagssvæðið og staðhættir

Landið er að mestu flatlent mólendi, mýri og tún. Lóðirnar eru í um um 75 m yfir sjávarmáli. Aðkoma er frá Sólheimavegi.

6. Aðalskipulagsbreyting

Í staðfestu Aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008 - 2022 er svæðið skilgreint sem frístundabyggð, merkt F51a í greinargerð aðalskipulagsins. Í töflu 4c: Frístundabyggð - austur, er frístundasvæði þetta skráð 80 ha og fellur það út við aðalskipulagsbreytingu þessa.

Breytingar á töflu 4c: Frístundabyggð í Grímsnesi - austur á bls 54 í greinargerð aðalskipulagsins

Núverandi skráning:

Tilvísun	Jörð	Stærð (ha)	Landgæði
F51a	Bjarnastaðir I og II	80	C

Svæðið fellur út.

7. Fornleifar

Við deiliskipulagsgerð á svæðinu verður tekið tillit til fornleifa, skv. fornleifaskráningu 2001 og nánari mælinga á staðsetningu þeirra 2017, unnið af Fornleifastofnun Íslands.

8. Áhrifamat

Svæðið er ekki á verndarsvæði og að hluta byggt og er því þegar raskað. Frekari uppbygging mannvirkja á svæðinu mun hafa einhver neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Ekki er talið að vegna aðalskipulagsbreytingar þessarar, þar sem svæði þessu er breytt frá því að vera frístundabyggð í landbúnaðarsvæði muni hafa neikvæð áhrif.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í hreppsnefnd þann 20

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann..... 20

SKÝRINGAR:

- - - - - MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR
- ÞÉTTBÝLI
- E EFNISTÓKUSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ
- LANDBÚNAÐUR
- VÖTN OG ÁR
- NÁTTÚRUVENDARSVÆÐI
Svæði á náttúruvörðunarskrá
- M BJÓDMINJAVENDARSVÆÐI
- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR
- ADRIR VEGIR (ekki staðfestir)
- GÖNGU- OG REIDLEIDIR